

ÝMSAR KENNITÖLUR

Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum	90,73%
Kostnaður sem hlutfall af iðgjöldum	3,93%
Kostnaður sem hlutfall af eignum (meðaltali hreinnar eignar í ársbyrjun og árslok)	0,34%
Starfsmannafjöldi (slysatryggðar vinnuvikur / 52)	3,94st
Gjaldfærður stofnkostnaður	1,47%

(Eignaskrá er hluti af skýringum með reikningsskilum)

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda og framkvæmdastjóri staðfesta meginniðurstöður ársreiknings lífeyrissjóðsins, sbr. 7. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1991.

Reykjavík, 5. maí 1992.

Benedikt Jónsson,
framkvæmdastjóri.

Í stjórn sjóðsins:

Björn Helgason, formaður.
Guðmundur Björnsson.

Haukur Halldórsson.
Magnús Sigurðsson.

20. maí 1992

Nr. 191

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið stöðubann báðum megin á Sæmundargötu og Sturlugötu.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. júní 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. maí 1992.

Böðvar Bragason.

27. maí 1992

Nr. 192

REGLUGERÐ

um bann við veiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með 1. júní 1992 til 30. september 1992 eru allar togveiðar með flot- og botnvörpu bannaðar á svæði á Hornbanka, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 55'0 N – 21° 51'0 V
2. 67° 01'0 N – 20° 48'0 V
3. 66° 43'0 N – 20° 56'0 V
4. 66° 22'5 N – 21° 28'0 V
5. 66° 31'3 N – 21° 51'0 V